

MÁLSTOFUR Á VEGUM RSH VORIÐ 2008

28. janúar 2008

Dr. Ágústa Pálsdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingaskor Háskóla Íslands
Heilsuefning: Er hægt að miðla upplýsingum og fræðslu markvisst og á áhrifaríkan hátt til mismunandi hópa samfélagsins?

11. febrúar 2008

Gyða Halldórsdóttir, MHI, verkefnisstjóri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
Viðhorf og óskir um aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum og þjónustu Tryggingastofnunar Reykjavíkur.

25. febrúar 2008

Jóhanna Björk Briem, MA í uppeldis- og menntunarfræðum.
„Æskileg og óæskileg börn“ – Upplifun og reynsla foreldra barna með Downs heilkenni.

10. mars 2008

Kristín Þórarinsdóttir, hjúkrunarfræðingur MS, lektor við Háskólann á Akureyri, verkefnisstjóri Sjúkrahúsins á Akureyri.
Sjálfsmatsblöð geta auðveldað sjúklingum að taka virkan þátt í endurhæfingu sinni.

14. apríl 2008


Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor við Háskóla Íslands.
Sálræn líðan kvenstúdenta við Háskóla Íslands.

28. apríl 2008

Ingibjörg Hjaltadóttir, sviðsstjóri hjúkrunar á öldrunarviði LSH, lektor við Háskóla Íslands.
Flytja aldraðir of fljótt á hjúkrunarheimili á Íslandi

Málstofur eru kl. 12:10–12:50 í stofu C-201, Eirbergi, Eiríksgötu 34. Allir eru velkomnir.

Norrænæna vinnuvistfræði ráðstefnan: *Vinnuvistfræði er lífsstíll*, er opin öllum sem hafa líðan manns og starfsumhverfis að leiðarljósi, hvort sem er eigið vinnuumhverfi eða vinnuumhverfi skjólstaðinga sinna.



Margar heilbrigðisstéttir stunda rannsóknir sem teygja sig inn í vinnuvistfræði eða eins og segir á heimasíðu www.vinnis.is: Viðfangsefni vinnuvistfræðinnar er samspil mannsins og þess umhverfis sem hann lifir og starfar í. Umhverfið tekur til aðstöðu, búnaðar, tækja, skipulags, samskipta og fleiri þátta. Í fyrirrúmi eru þarfir, vellíðan og öryggi fólks.

Ráðstefnan er haldin dagana 11.–13. ágúst 2008. Skila þarf útdráttum fyrir 1. febrúar 2008. Sjá nánar á www.nes2008.is.

Nýsköpun í heilbrigðisþjónustu - morgunverðarfundur 4. des.

Í samráði við nefnd á vegum ráðuneyta iðnaðar, heilbrigðismála og menntamála um nýsköpun í tengslum við heilbrigðisþjónustuna boðar RANNIS til morgunverðarfundar þriðjudaginn 4. desember, nk. kl 8:15- 10:00 á Grand Hótel. Sjá nánar: <http://www.rannis.is/frettir/kynningarmal/nr/1423>.

MINNINGARKORT, AFMÆLISGJAFIR, ÁRGANGAAFMÆLI

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði vill minna lesendur sína á Rannsóknasjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur, sem var stofnaður á þessu ári. Markmið sjóðsins, þegar hann verður orðinn nægilega stór, er að veita styrki til hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi.

Hægt er styrkja sjóðinn með því að leggja inn á reikning: 513-26-91760. Í reitinn Stutt skýring skal setja RIM. Fylla má út eyðublað um tilefni gjafar, gefendur o.fl. á síðinni www.rsh.hi.is, sjá frétt um sjóðinn. Tekið er við upplýsingum í sambandi við minningarkort í síma. 525-5280 eða 525-4216 þar sem má einnig fá frekari upplýsingar. Einnig má senda tölvupóst á rsh@hi.is.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði
 Forstöðumaður: Hildur Friðriksdóttir
 Eirberg, Eiríksgata 34
 101 Reykjavík
 Sími: 525-5280
 Fax: 525-4963

Netfang: rsh@hi.is
 Veffang: www.rsh.hi.is

Í stjórn RSH sitja:
 Herdís Sveinsdóttir, formaður
 Helga Bragadóttir
 Hrunn Sch. Thorsteinsson
 Helga Gottfreðsdóttir

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
 Hildur Friðriksdóttir, hildurfr@hi.is

Fréttabréf Rsh kemur út fjórum sinnum á ári.



RANNSÓKNAFRÉTTIR



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

ÞAD HELSTA Í BLAÐINU

- ♦ Viðurkenning fyrir Herdís Sveinsdóttur
- ♦ Vannæring aldraðra - nýtt matstæki
- ♦ Ritstjórnarpistill Hildar Friðriksdóttur
- ♦ Nýstárleg aðferðarfræði í gagnasöfnun
- ♦ Dagskrá málstofu Rsh á vorönn

Í STEFNU HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR FYRIR ÁRIN 2006–2011 SEGIR:

Á árunum 2007–2009 hefur Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði frumkvæði að rannsóknasamstarfi við hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideildir í norrænum og evrópskum háskólum sem hafa sýnt afburðaárangur í rannsóknum.

FJÖLBREYTT ERINDI OG VEGGSPJÖLD Á HJÚKRUN 2007



Um margt var spjallað í kaffihléi.

Hjúkrun 2007 – ráðstefna um rannsóknir í hjúkrun var haldin 22. og 23. nóvember sl. Tilgangur ráðstefnunnar var að endurspeglu nýjstu þekkingu í hjúkrunarfræði og hjúkrunarrannsóknum á Íslandi. Aðalfyrirlesari var dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild. HÍ. Hún fjallaði um ofneyslu áfengis meðal unglunga á framhaldsskólastigi og lagði sérstaka áherslu á forvarnarstarf og hvernig unnið er að forvörnum í íslenskum framhaldsskólum.

Ánægjulegt er fyrir Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði að greina frá því að mikil virkni er í fræðastarfi hjúkrunarfræðideildar og Landspítala, en þessir aðilar standa saman að stofnuninni. Erindi og veggspjöld endurspegluðu enn fremur gróskumikið samstarf fræðimanna á þessum tveimur stofnunum, því fræðimenn frá þeim tengdust 55 af þeim 64 erindum sem voru flutt og öllum veggspjöldum, eða 31.

Erindin fjölluðu um margþætt viðfangsefni hjúkrunarfræðinga. Svo gripið sé af handahófi niður í þrjár kynningar þá fjallaði Sigrún Sigurðardóttir um viðtækar afleiðingar sálfræðilegra áfalla af völdum kynferðilegs ofbeldis í æsku. Hún ályktaði að þróa þyrfti meðferðarúræði til að minnka þjáningu kvenna sem verða fyrir slíku ofbeldi. Sigrún Bjartmarz kannaði breytingar á færni einstaklinga 75 ára og eldri í kjölfar innlagnar á sjúkrahús vegna bráðra veikinda. Niðurstöður voru að mikil breyting varð á færni einstaklinga. Meirihluti náði fyrri færni á 5 mánuðum en hjá þeim sem misstu niður færni jukust líkur á flutningi á elli- og dvalarheimili. Oddný S. Gunnarsdóttir greindi frá því að 20% þeirra sem koma á bráðamóttöku og útskrifast heim fá illa skilgreinda sjúkdómsgreiningu og rannsóknarniðurstöður ekki flokkaðar annars staðar (ICD 10, R00-R99). Rannsókn Oddnýjar leiddi í ljós að þeir sem fá þessa greiningu eru í meiri sjálfsvígshættu en aðrir.

ÍSLENSKIR HJÚKRUNARFRÆÐINGAR AÐILAR AÐ EANS

Herdís Sveinsdóttir og Helga Jónsdóttir, prófessorar við hjúkrunarfræðideild, hlutu nýlega viðurkenningu sem vísindafélagar (fellow) að Evrópsku hjúkrunarvísindaakademíunni (The European Academy of Nursing Science). Þær eru fyrstu íslensku hjúkrunarfræðingarnir sem hljóta þá viðurkenningu, en Marga Thome, prófessor, hefur átt þar aðild sem fræðimaður (scholar) um nokkurt skeið.

Evrópska hjúkrunarvísindaakademían eru óháð samtök hjúkrunarrannsakenda í Evrópu sem stofnuð voru árið 1998. Rétt til aðildar eiga hjúkrunarfræðingar sem með störfum sínum hafa lagt mikið af mörkum til framgangs rannsókna og vísindastarfa á sviði hjúkrunar í Evrópu.

Markmið akademíunnar er að vera vettvangur umræðna og samstarfs vísindamanna við þróun og mótun þekkingar í hjúkrunarvísindum og jafnframt að viðurkenna afburðaárangur í rannsóknum og því sviði.

Evrópska hjúkrunarakademían tengir saman vísindamenn sem starfa við hjúkrunarfræðideildir háskóla vítt og breitt um Evrópu þar sem hjúkrun er kennd til doktorsprófs. Hún er einnig vettvangur fyrir bæði reynda sem yngri fræðimenn til að koma saman, efla tengsl og þróa evrópska sýn á störf sín. EANS heldur árlega vísindaráðstefnu og stendur fyrir sumarnámskeiðum fyrir hjúkrunarfræðinga í doktorsnámi.

RITSTJÓRNARPISTILL HILDAR FRÍÐRIKSDÓTTUR



Nú fer sá tími ársins í hönd að menn líta gjarnan yfir farinn veg bæði í starfi og einkalífi. Kennarar hjúkrunarfræðideildar geta verið stoltir af árangri sínum, því rannsóknavirkni þeirra hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Þannig jukust birtingar þeirra í alþjóðlegum viðurkenndum fræðiritum um 60% á milli tímabilanna 2001/2003 og 2004/2006 og má gera ráð fyrir að sú þróun haldi áfram þar sem nýdoktorum fjölga stöðugt. Hlutverk Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Rsh) er meðal annars að styðja við kennara deildarinnar og hjúkrunarrannsakendur á Landspítala. Það er gert með margvíslegum hætti, meðal annars með styrkveitingum samkvæmt ákveðnum reglum stofnunarinnar, að kalla til samstarfs í rannsóknum og málefnum þeim tengdum og greiða götu þeirra á sem víðtækastan hátt.

Í starfi háskólakennara felst meðal annars að birta rannsóknaniðurstöður sínar á vísindalegum vettvangi, að halda yfirlit yfir rannsóknavirkni sína á hverju ári og huga að vísindastarfi framtíðar. Eins og undanfarin ár munu kennarar deildarinnar og rannsakendur á Landspítala gefa samstarfsfólki og öðrum áhugasömum tækifæri til að hlusta á fjölmörg erindi um nýjustu rannsóknir sínar á málþingi nú í desemberbyrjun.

Rannsóknavirkni hjúkrunarfræðinga fer fram víðar eins og nýafstaðin ráðstefna, Hjúkrun 2007, ber með sér, en ráðstefnan var samvinnuverkefni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri. Tæp 100 erindi og veggspjöld voru kynnt á ráðstefnunni, allt rannsóknir íslenskra hjúkrunarfræðinga og samstarfsfólks þeirra.

Annríki á þessum árstíma tengist ekki einungis rannsóknum og kennslu heldur er streituvaldandi tími framundan hjá mörgum í einkalífinu. Aðrir njóta adventunnar og líta á undirbúning jóla sem notalegan tíma þar sem lögð er áhersla á auknar samverustundir með fjölskyldu og vinum. Öðrum finnst áreiðslu alltof mikið, of mikil vinna, of mörg heimboð og starfsmannaveislur og þeir sjá ekki fram úr verkefnum. Þegar tíminn er farinn að hlaupa fram úr okkur er orðið tímabært að forgangsráða. Forgangsröðunin felst í því að ákveða hvað má bíða til síðari tíma og hverju má algjörlega sleppa. Hvað teljum við mikilvægast? Þeir sem hafa horft í augu við dauðann segja gjarnan að það sé fjölskyldan, heilsan og kærleikurinn.

Ég óska ykkur notalegrar, rólegrar og skemmtilegrar adventu og gleðilegra jóla!

NÝTT MATSTÆKI TIL GREININGAR Á VANNÆRINGU ALDRAÐRA

Meðal aldraðra, sem lagðir eru inn á sjúkrahús, eru 30-50% vannærð en vandamálið er ekki alltaf greint. Rannsóknir sýna að næringarástand sjúklinga á hjúkrunarheimilum er svipað og meðal aldraðra sem leggjast inn á sjúkrahús. Til dæmis sýndi nýleg rannsókn í Helsinki að 29% þeirra sem dvöldu á hjúkrunarheimilum voru vannærð og 60% voru í hættu á vannæringu. Fjöldi annarra rannsókna hafa sýnt fram á vannæringu meðal aldraðra sem dvelja á sjúkrahúsum og jafnvel að næringarástandi þeirra geti hrakað meðan á sjúkrahúsdvöl stendur. Sjúkdómar og öldrunarbreytingar geta haft áhrif á næringarþörf og hversu vel einstaklingnum gengur að nærast en aldraðir með heilabilun og háaldraðir eru í sérstakri áhættu.

Í rannsókn, sem gerð var árið 2003 meðal sjúklinga á öldrunarsviði Landspítala, reyndust nær 60% þátttakenda vera vannærð. Út frá niðurstöðum þeirrar rannsóknar voru ákveðnir þættir notaðir til að útbúa nýtt og hentugra matstæki til að meta næringarástand aldraðra sem dvelja á sjúkrahúsi. Þetta mælitæki verður kynnt í ritrýndri gein sem mun birtast í *Tímariti hjúkrunarfræðinga* í desember nk. Rannsóknin var unnin af þverfaglegum hópi en höfundar greinarinnar eru Ingibjörg Hjaltadóttir, Anna Edda Ásgeirsdóttir, Borghildur Árnadóttir, Helga Ottósdóttir, Guðbjörg Jóna Hermannsdóttir, Alfons Ramel og Inga Þórsdóttir.

Þátttakendur í rannsókninni voru 60 sjúklingar (>65 ára), sem voru lagðir inn á öldrunarsvið Landspítala á sex mánaða tímabili. Þeir voru færir um að gangast undir lífræðilegt mat (hæð og þyngd) og voru ekki með alvarlega heilabilun. Næmi og sértæki ýmissa þátta var reiknað til að meta matstækin. Atriði, sem sýndu marktækan mun á vannærðum og vel nærðum sjúklingum eða höfðu sterka fylgni við fullt mat á næringarástandi, voru settar í jöfnu til að spá fyrir um vannæringu. Niðurstöður sýndu að með því að nota eftirfarandi þrjá þætti saman; líkamsþyngdarstuðul, ósjálfrátt þyngdartap og nýlega skurðaðgerð, er hægt að útbúa skimunartæki sem bæði er næmt (1,00) og sértækt (0,78).

Nákvæmt mat á næringarástandi er tímafrekt og skýrir það að hluta hvers vegna mat á næringarástandi og næringu aldraðra á sjúkrahúsum er ábótavant. Til þess að mat á næringarástandi sé árangursríkt þarf það að vera einfalt, ódýrt og auðvelt í framkvæmd og á það við um matstækið sem kynnt er hér. Með því að tengja það við RAI-mat, sem gert er þrisvar á ári á öllum hjúkrunarheimilum á Íslandi, tekur notkun þess aðeins örfáar mínútur.

Ingibjörg Hjaltadóttir

GAGNASÖFNUN UM VINNU HJÚKRUNARFRÆÐINGA UNNIN MEÐ NÝSTÁRLEGRI AÐFERÐAÐFRÆÐI

Rannsókninni: *Öryggi í heilbrigðisþjónustu – Þekking og mannaflí í hjúkrun á bráðalegudeildum: Verkferlar og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða*, hefur verið hrundið af stað og var lítillaga sagt frá henni í Rannsóknafréttum sl. vor. Lögð er áhersla á að greina tafir og truflanir í vinnu hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, hvers edlis þær eru og hvenær þær eiga sér stað. Markmið verkefnisins er að bæta verkferla og vinnuumhverfi á bráðadeildum svo að veita megi sjúklingum betri og öruggari hjúkrun.

Í rannsóknarteymi fyrsta hlutans eru Helga Bragadóttir hjúkrunarfræðingur, lektor í hjúkrunarfræðideild HÍ og þróunarráðgjafi LSH, Sigrún Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, rannsakandi og þróunarráðgjafi, LSH, Helgi Þór Ingason, verkfræðingur, dósent, HÍ, Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri, LSH; Teitur Helgason, meistaranemi í verkfræðideild HÍ, Elsa B. Friðfinnsdóttir, hjúkrunarfræðingur, formaður Fih, Kristín Á. Guðmundsdóttir, sjúkraliði, formaður SLFÍ, Lovísa Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur, klínískur sérfræðingur á LSH, Svava Kr. Þorkeldsdóttir, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri á LSH, Sean Clarke, aðstoðarforstöðumaður Centre for Health Outcomes and Policy Research og lektor við School of Nursing, University of Pennsylvania.

Byrjað var á því að skoða vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og ákveðið að prófa gagnasöfnunaraðferð rannsóknarinnar á tíu hjúkrunarfræðingum á tveimur bráðadeildum LSH. Valdar voru vel mannaðar deildir sem höfðu ekki farið í gegnum breytingar nýlega. Þátttakendur þurftu að hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu á deildinni eða sambærilegri deild, vera í a.m.k. 50% vinnu og tala íslensku. Hjúkrunarfræðingum var fylgt eftir heilar morgun- og kvöldvaktir í miðri viku og um helgar.

Búinn var til tölvugagnagrunnur í handtölvu sem notuð er í gagnasöfnuninni. Aðferðafræði gagnasöfnunar felst í því að athugandi fylgir hjúkrunarfræðingi eftir í heila vakt og skráir jafnóðum í handtölvuna og með því að tala inn á upptökutæki. Um nýjung í aðferðafræði gagnasöfnunar er að ræða. Truflanir og tafir sem hjúkrunarfræðingurinn verður fyrir eru skráðar og skráist sjálfkrafa í tölvunni klukkan hvað þær áttu sér stað. Einnig er skráð hvaða verkefnum hjúkrunarfræðingurinn var að sinna þegar hann varð fyrir truflun eða tófi, þ.e. hvort hann var að sinna beinni hjúkrun, óbeinni hjúkrun, lyfjaumsýslu eða skráningavinnu. Einnig var mæld með skrefamæli sú vegalengd sem hjúkrunarfræðingur gengur á einni 8 tíma vakt. Er nú unnið að greiningu gagna sem safnað var og mati á aðferðafræði rannsóknar.

Alls tóku fimm athugendur þátt í gagnasöfnun og prófun aðferðar. Athugendur voru sammála um að það að nota fyrrgreinda tækni væri til þæginda og auðveldaði vinnuna mjög. Handtölvun, sem er með snertiskjá, gerir það að verkum að fljótlegt er að skrá allar staðreyndir. Hins vegar nær gagnagrunnurinn ekki að lýsa því hve flókin og margbrotin vinnan er og því þykir nauðsynlegt að safna lýsingum um aðstæður og samhengi hlutanna á vaktinni með upptökutækinu.

Næstu skref rannsóknarinnar eru að þróa sambærilegan gagnagrunn og aðferð til að skoða vinnu og vinnuumhverfi sjúkraliða og safna síðan gögnum um vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Er gert ráð fyrir að sú vinna eigi sér stað á vorönn 2008.

Rannsóknaverkefnið býður upp á mörg smærri verkefni sem gætu hæglega nýst nemendum í framhaldsnámi í hjúkrunarfræði, verkfræði, hagfræði, mannauðsstjórnun og fleiri fögum. Áhugasamir nemendur eru beðnir um að snúa sér til undirritaðrar á netfangið: helgabra@hi.is.

Helga Bragadóttir



Bókinni, „Lokaverkefni frá hjúkrunarfræðideild 1998-2007“, sem nýkomin er út á vegum Rsh, var dreift á ráðstefnunni Hjúkrun 2007. Bókin inniheldur lokaverkefni BS-, ljósmæðra- og meistaranema sem útskrifuðust frá hjúkrunarfræðideild HÍ 1998-2007. Bókin ætti að nýtast sem uppflettirit nemenda, kennara og rannsókna til að sjá hvað hefur verið rannsakað og hvar má dýpka rannsóknir. Æskilegt er að bókin liggi frammi á sem flestum stöðum og er áhugasömum bent á að nálgast hana hjá Rsh eða hjúkrunarfræðideild. Bókin er einnig til í netútgáfu á www.rsh.hi.is undir Útgáfa.

Kynningarbás Rsh og hjúkrunarfræðideildar.